

Stjórn Úrvinnslusjóðs**357. stjórnarfundur, þriðjudaginn 16. apríl 2024 - kl. 13:00 – 14:30****Suðurlandsbraut 24, 2. hæð****Dagskrá samkvæmt fundarboði:****A. Til kynningar**

1. Skýrslur
 - Slutrapport EPR
 - Skýrsla - Stofnanaviti Maskínu
2. Ákvæði Evróputilskipunar um 2019/904 um einnota drykkjarflöskur
3. Skráningarkerfi framleiðanda og innflytjenda
4. Umfjöllun um 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
5. Samantekt á ráðstöfun úrvinnslugjalds til þjónustuaðila

B. Til samþykktar

6. Erindi SORPU vegna drykkjarferna
7. Viðarbretti – endurgjald, stjórnarsýsluákvörðun o.fl.

C. Formaður og framkvæmdastjóri fara yfir stöðu mála (15 mín)**D. Fundargerð lögð fram til samþykktar (15 mín)****Fundinn sátu:****Stjórn:**

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Edda Krístrún Andrésdóttir, samskiptastjóri (EKA)
Gunnlaug H. Einarsdóttir, sérfræðingur (GHE)
Margrét Kjartansdóttir, fundarritari (MK)

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn hafnaði beiðni SORPU um viðbótargreiðslur vegna flokkunar drykkjarferna að svo stöddu.
- Stjórn samþykkti að farið verði í lífsferilsgreiningu samsettra umbúða sem lögð verði til grundvallar ákvörðun um endurgreiðslur vegna úrvinnslu þeirra.
- Stjórn samþykkti breytingu á endurgjaldi vegna endurnýtingar og endurvinnslu viðarumbúða til lækkunar úr 20 kr./kg í 5 kr./kg.
- Stjórn samþykkti að greitt yrði fyrir undirbúning vegna endurnotkun viðarbretta 25 kr./kg.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

1. Skýrslur

Farið er yfir niðurstöður skýrslna er fjalla um starfsemi sjóðsins. Annars vegar er farið yfir skýrslu sem sænska umhverfisstofnunin lét taka saman um stöðu framleiðandaábyrgðar á Norðurlöndum, þá með sérstaka áherslu á einnota plast. Hins vegar er farið yfir niðurstöður stofnanakönnunar Maskínu það sem mæld var þekking á og afstaða þátttakanda til Úrvinnslusjóðs.

2. Ákvæði Evróputilskipunar um 2019/904 um einnota drykkjarflöskur

Farið er yfir kröfur Evróputilskipunar um sérstaka söfnun drykkjarflaskna úr plasti, kröfur um upplýsingagjöf um þær og kröfur um hlutfall endurunnins plast í flöskunum. Einnig var farið yfir tillögur um breytingar á ákvæðum umbúðareglugerðar sem varða drykkjarflöskur úr plasti. Úrvinnslusjóður telur heppilegt að það væri eitt samræmt kerfi fyrir allar drykkjarvöruflöskur úr plasti í stað þess að hluti sé í skilakerfi og hluti í kerfi Úrvinnslusjóðs eins og nú er. Sameinað kerfi yrði frekar til þess fallið að náist framtíðar hærri markmið um söfnun.

3. Skráningarkerfi framleiðanda og innflytjenda

Farið er yfir fyrirkomulag við skráningu framleiðanda og innflytjenda raf- og rafeindatækja og rafhlaða og rafgeyma, velt upp hvort ástæða sé til þess að kalla eftir breytingum á fyrirkomulagi.

4. Umfjöllun um 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um Úrvinnslugjald

Í 10. gr. rglg. nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald er að finna heimild um undanþágu á endurgreiðslu úrvinnslugjalds til rekstraraðila sem samið hefur við Úrvinnslusjóð um að annast endurnýtingu á eigin úrgangi. Í ákvæði reglugerðar eru greiðslur háðar framvísun staðfestingu á endurnýtingu eða förgun. Það er mat Úrvinnslusjóðs að ekki sé fyrir hendi lagastoð fyrir því að veita undanþágu á grundvelli þess að rekstraraðilar annist förgun eigin úrgangs þar sem orðalag reglugerðar er hvað þetta varðar víðara en orðalag 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald sem reglugerðarákvæðið byggir á. Þar sem gerðir hafa verið samningar byggðir á ákvæði reglugerðar við aðila sem annast förgun eigin úrgangs þykir Úrvinnslusjóði rétt að grípa til aðgerða þar sem ekki er lagastoð fyrir samningum. Kynntar eru tillögur um aðgerðir þar sem gætt verður að sjónarmiðum um meðalhóf og jafnræði aðila.

5. Samantekt á ráðstöfun úrvinnslugjalds til þjónustuaðila

Teknar hafa verið saman upplýsingar álagningu úrvinnslugjalda í vöruflokkum og greiðslur endurgjalds til þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs. Lagt er til að slíkar upplýsingar verði birtar ársfjórðungslega á vefsíðu sjóðsins.

B. Til samþykktar:

Jón Viggó Gunnarsson víkur af fundi.

6. Erindi SORPU vegna drykkjarferna

Farið er yfir erindi SORPU þar sem þess er farið á leit að Úrvinnslusjóður endurgreiði þann kostnað sem SORPA hefur haft af sérstakri flokkun drykkjarferna. Komið hefur fram í viðtölum Úrvinnslusjóðs við aðila á Norðurlöndum bæði systurfélög og endurvinnsluaðila að við vinnslu drykkjarferna þar sé notast við almenna aðferð samkvæmt EN:643 staðlinum eins og þá sem notast hefur verið við vinnslu meirihluta drykkjarferna frá Íslandi hingað til. Einnig kom fram að í sértækari vinnslu Fiskeby eru bæði plast og ál send til orkuendurnýtingar. Ekki er vitað um nokkurn annan endurvinnsluaðila sem vinnur plast og ál úr drykkjarfernum.

Lagt er til og samþykkt að fengin verði ytri aðili til að gera greiningu á úrvinnslu drykkjarferna og fleiri samsettra umbúða þar sem m.a. verði metin umhverfislegur ávinningur af viðbótarvinnslu SORPU og annarra þjónustuaðila. Niðurstöður verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um frekari kröfur til þjónustuaðila um vinnslu sem þá endurspeglir endurgjalds fyrir vinnsluna. Beiðni SORPU er hafnað að svo stöddu á þeim grundvelli að aukin vinnsla þ.e. flokkun hafi ekki verið gerð að beiðni Úrvinnslusjóðs og ekki liggi fyrir hver er umhverfislegur ávinningur af henni. Einnig liggi til grundvallar ákvörðunar úttekt óháð kunnáttumanns á núverandi vinnslu sem sýni að hún uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Jón Viggó Gunnarsson bætist í hóp fundarmanna

Lárus M.K. Ólafsson víkur af fundi

Guðný Hjaltadóttir víkur af fundi

7. Viðarbretti - endurgjald til þjónustuaðila

Á fundi stjórnar þann 11. mars. sl. var lögð fram tillaga um breytingar á greiðslu endurgjalds vegna viðarbretta. Þar sem hluti tillögu varðaði lækkun endurgjalds óskaði stjórn álits á því hvort breyting fæli í sér stjórnarsýsluákvörðun. Það er mat Úrvinnslusjóðs að svo sé ekki þar gjaldskrárbreyting er hluti einkasamnings Úrvinnslusjóðs við þjónustuaðila og slíkir samningar falli utan gildissviðs stjórnarsýslulaga. Því er aftur borin upp tillaga um að greiðsla fyrir endurvinnslu og endurnýtingu verði lækkuð í 5 kr/kg. úr 20 kr/kg auk þess að greitt verði fyrir undirbúning fyrir endurnotkun 25 kr/kg. og að greiðslur fyrir flutningsjöfnun vegna viðarumbúða haldist óbreyttar.

Tillaga er samþykkt. Þjónustuaðilum verður tilkynnt um breytingu í samræmi við ákvæði 9. gr. skilmála.

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í rekstri

- D. Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar**
Fundargerð fundarins var samþykkt

Fundi slitið 15.10